


Ífgeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 74. TBL. 15. ÁRG. ÁGÚST 1992



*Einungis pekkingin mun reynast megnug að gera endi á
öllum herskap.*

Helgi Pjeturs.

Ingvar Agnarsson:

Krabbaþokan

(Sjá forsíðumynd.)

Krabbaþokan (M 1) í Nautsmerkinu er álitin vera leifar af sprengistjörnu sem sást á himni árið 1054 (supernova). Í miðju þokunnar, sem stöðugt þenur sig út með geysihraða (um 1000 km á sekúndu), má sjá örlitla stjörnu, tifstjörnu, ákaflega heita, og sendir hún frá sér 30 ljósblík á sekúndu hverri. Þokan er í um 6000 ljósára fjarlægð frá jörðu.

Ómælanleiki geimsins



Fjöldi stjarna. Á heiðskírri nóttu er unnt að sjá allt að 2000 stjörnur í einu með berum augum. Alls er hægt að sjá með því móti allt að 6000 stjörnur, ef miðað er við sýn til stjarnanna frá allri jörðinni. Þetta er raunar miklu lægri tala en margur mundi giska á, sem horft hefur til himingeimsins með tilfinningu fyrir ómælanlegri stærð hans. Undir áhrifum þeirrar tilfinningar mundu margir vilja nefna tugþús- undir eða meira. En þegar farið er að skoða himininn í sjónauka kemur í ljós að stjörnurnar eru reyndar ennþá miklu fleiri — og því fleiri sem lengra er litið.

ERINDI OG GREINAR

Þorsteinn Guðjónsson:

Sólstjörnur og jarðstjörnur

Ari Trausti, ættaður frá Miðdal (og Haukadal lengra fram), tilkynnti í fjölmíðli, að óvist væri að nokkurri sól fylgi reikistjörnur nema þessari einu, sem við höfum fyrir augum á daghimni. Ekki finnst mér hann hafa fært sig vel í ætt með þessu. Vanþekking er þetta og léleg heimsfræði.

Allt frá því að Brúnó uppgötvaði alheiminn á níunda áratug 16. aldar (eða skömmu fyrr) — hann skildi, í framhaldi af Kópernikusi, að óendantlega margar sólir og jarðir sveima um óendantlega víðan geim — hafa bestu menn, fáir í fyrstu en síðan fleiri, látið sér skiljast að svo er í raun og veru. En hvaðan er hún sumum komin þessi fluga í munn, að hvergi séu plánetur nema hér?

Um 1930 var allmikið um andvísindastefnu (anti-intellectualism) á Vesturlöndum, en þar sem sú stefna ríkir, einangrast vísindamenn frá skynsemi almennings (gerast filabeins-turnbúar). Sir James Jeans, stjörnufræðingur var einn. Það var hann sem kom fram með, eða var a.m.k. áhrifamestur í að styðja, heimsmyndunarkenningu þá um hina aðvífandi sól, sem átti að sýna að hvergi væru plánetur nema hér. Sú kenning er löngu úr gildi fallin — þegar árið 1942 sýndi Carl von Weiszäcker fram á, að hún var reikningslega óhæf með öllu. Tók von Weiszäcker upp að nýju Kant-Laplace kennunga um þetta efni og má segja að hún hafi í aðaldráttum verið ríkjandi síðan. Ýmislegt hefur fundist með athugunum, sem staðfestir, að reikistjörnur séu með öðrum sólstjörnum, auk þess sem yfirgnæfandi líkur styðja það úr ýmsum áttum.

Ég fór á (almennan) fund hjá vísindamönnum nýlega þar sem rætt var um reikistjörnur með öðrum sólstjörnum, og

var auðvitað bara kominn til að hlusta. En þegar þeir fóru í stað stjörnufræði að tala um v. Neumann-skrímslið sitt ömurlega virtist mér sem gefa yrði umræðum aðra stefnu, og lagði spurningu fyrir aðalræðumann. Var það um ástæður í tvísólhverfi, þar sem minni sólin er í álika fjarlægð frá móðursól og reikistjarnan Júpiter er frá sólinni okkar. Nú er Júpiter með mörg tungl í reikistjörnuröð í kringum sig og hvað mælir þá á móti því að litla sólin í hinu sólhverfinu hafi svipaða reikistjörnuröð í nánd við sig? Þessu gat stjarneðisfræðingurinn ekki svarað, og þótti mér það all-athyglisvert, því honum hafði einmitt orðið tíðrætt um tvísólhverfi í erindi sínu. Hann gaf þar hreint og beint frá sér að leysa þetta þriggja-hnattavandamál eins og þeir kalla það í fræðibókunum.

Ég er ekki frá því, að þessi spurning hafi borist í tal hér og þar hjá fræðingum síðan, og til þess sé að rekja þá „málsvörn“ sem Ari frændi vor Trausti telur sig þurfa að halda uppi fyrir fáviskuna í þessu efni. Ætla má að flestar sólir, ef ekki allar, hafi með sér fylgihnetti af reikistjörnustærð og að þær séu gróðrarstöðvar lífsins í alheimi. Hinn dauði alheimur er hugarfóstur daufgerðra sálna.

Mbl. 8. apríl 1992.

Fjarlægar plánetur fundnar?

Vísindamenn við Bandarísku geimrannsóknastofnunina, NASA, hafa fundið merki um fylgihnetti í kringum átta stjörnur í 450 ljósára fjarlægð, sem þeir telja hugsanlegt að séu plánetur.


Stjörnurnar eru í sömu vetrarbraut og okkar sólkerfi, á einu af tveimur svæðum í „nágrenni“ jarðar þar sem stjörnumyndun á sér stað. Aðstæður þar eru taldar líkar því sem var þegar jörðin og aðrar plánetur mynduðust fyrir um fjórum milljörðum ára úr gasdiski umhverfis sólina.

Vísindamennirnir fundu eyður í gasdiskunum umhverfis stjörnurnar með mælingum á innrauðum geislum, en það telja þeir merki um að gasið sé farið að þéttast í fylgihnetti. Enn sem komið er telja þeir sig þó ekki geta sagt hvort hnettirnir séu daufar stjörnur, svokallaðir brúnir dvergar, eða plánetur á borð við jörðina eða Júpiter.

Stjörnufræðingum hefur gengið erfiðlega að finna ábyggilegar sannanir fyrir tilvist pláneta utan okkar sólkerfis, en slíkur fundur myndi ekki einungis auka skilning á myndun sólkerfisins, heldur efla trú manna á því að líf fyndist á öðrum stöðum en jörðinni.

Frétt í Mbl. 12. júní 1992.

Vetrarbrautin og kúluþyrpingar hennar



Einhver fegurstu fyrirbæri himins eru hinar kúlulaga þyrpingar stjarna. Þær ganga umhverfis vetrarbrautina og eru summar hverjar í mikilli fjarlægð. Teikningin sýnir dreifingu þeirra í geimnum umhverfis vetrarbrautina.

Benedikt Björnsson:

Enginn fæðist af móður nema einu sinni

Með kenningum sínum afneitar Helgi Pjeturss tilvist annarrar víddar austrænnar heimspeki. Hann skiptir þeim hnöttum, þar sem þróast hefur líf, í frumlífs- og framlífs-hnetti, þar sem hnöttur vor elur menn sem eftir andlát hér á jörð lifa líkamlegu lífi á öðrum framlífshnöttum. Þessi fullyrðing er hluti af kenningu um heiminn, en hún hefur eftirfarandi sérstöðu innan heimspekinnar:

1. Hún leiðir af sér að heimurinn sé ein órofa heild, samsvarandi því að lífkerfið á hnetti vorum er ein heild, þrátt fyrir breytileik lífs mismunandi svæða á honum. Allt líf er á stjörnum og bundið efni. Aðrir lífheimar eru ekki til.
2. Kenningin flytur líffræðina til annarra stjarna alheimsins.
3. Kenningin er um samband lífsins í alheimi. Dr. Helgi Pjeturss skóp eftirfarandi hugtök um lífið: lífgeislan, magnan, lífsambandið milli stjarnanna, eðli svefn og drauma, framvindustefnurnar tvær, lífstefna og helstefna og stillilögþmálið.
4. Enginn einstaklingur lifir fósturskeiðið og fæðist af móður nema einu sinni, en líkamnast í framlífi á annarri stjörnu eftir andlát hér á jörð.

Þessa sérstæðu heimspeki nefnir Helgi **íslenska heimspeki**.

Þó að til hafi verið menn fyrr á tíð sem trúðu á líf á öðrum stjörnum er Helgi óumdeilanlega fyrstur manna hér á jörð sem setur fram heilstæða kenningu um samband lífsins í alheimi og tengir það við líkamlegt framlíf einstaklingsins á öðrum stjörnum.

Hvað er heimspeki?

Í sinni víðtækustu mynd er heimspeki tilraun mannsins til að skilja heiminn og gera sér grein fyrir stöðu sinni í honum.

Heimspeki er því samsafn af ósönnuðum fullyrðingum sem heimspekingurinn byggir á ýmist traustum eða miður sönnuðum grunni og jafnframt á því sem hann telur vísinda-legar staðreyndir. Heimsmynd heimspekingsins er því eins og mósaíkmynd, þar sem mikið af reitunum vantar, en hann fyllir upp í myndina með því sem hann telur líklegt. Heimspekingurinn byggir kenningar sínar á grunni þekkingar og á frumlegri heimspeki.

Enginn er alfræðingur. Fæstir ná víðtækri þekkingu í nema 1—2 greinum vísinda og heimspekingar verða því að byggja á staðhæfingum annarra og kenningum úr ýmsum greinum sem viðurkenndar eru á tíð hans.

Heimspekingurinn getur þó verið í þeirri aðstöðu að vísinda- og fræðikenningar sem njóta viðurkenningar á hans tíma samrýmist ekki heimsmynd hans og hann hafni þeim.

Í þeirri aðstöðu var dr. Helgi Pjeturss í sumum grundvallaratriðum. Skulu nefnd hér þrjú dæmi:

1. Flóðbylgjukenning Jeans o.fl., sem fram undir 1950 var grundvöllur skoðana um stjarnmyndun heimsins, gerði líf ólíklegt annars staðar en hér á jörð.
2. Það grundvallaratriði afstæðiskenningarinnar að mestur hugsanlegur hraði væri ljóshraðinn (þ.e. 300 þúsund km á sek.) samrýmist ekki íslenskri heimspeki.
3. Ýmislegt í kenningum sálfræðinga var andstætt skoðunum dr. Helga Pjeturss, t.d. sú staðhæfing Sigmunds Freuds að fjarhrifa gæti ekki í draumum.

Dr. Helgi Pjeturss andmælti þessum skoðunum.

Ég tel að á árunum 1902—1922 hafi dr. Helgi Pjeturss mótað kenningu sína um heiminn þó síðar hafi hann skilið sumt fyllri skilningi. Hann hafði yfirgripsmikla menntun, t.d. jók hann mikið grundvallarþekkingu á íslenskri jarðfræði. Auk norðurlandamálanna hafði hann vald á ensku, þýsku, frönsku og latínu og hafði lagt stund á forn-grísku til þess að geta lesið rit Forn-Grikkja. Þróun heimsmyndar

hans er merkilegt rannsóknarefni, hvernig þekking hans á ritum annarra heimspekinga og vísindamanna eykst, hvernig heimspeki hans sjálf, ályktanir og líffræðilegar kenningar um samband lífsins í alheimi og reynsla mótað og hve ofurnæmur hann var.

Hann reyndi að koma kenningum sínum á framfæri með greinum í blöðum og tímaritum og með útgáfu ritverksins Nýall. Hann skrifaðist á við heimsþekkta menn, t.d. H. G. Wells.

Hann varð fyrir vonbrigðum með undirtektir og skilningsleysi og áleit að lífið hér á jörð stefndi til alhruns, nema skilningur á lífinu ykist til muna og betra samband en tekist hefði með trúarbrögðunum næðist við menn á öðrum stjörnum.

Frummyndafræði Platóns í ljósi íslenskrar heimspeki

Í Nýal árið 1919 er önnur mikilsverð staðhæfing, sem leiðir af hinni fyrri. Hún er þessi: *Frummyndirnar í frummyndafræði Platóns eru á öðrum hnöttum. Hlutdeild þeirra í tilverumyndum þessa hnattar er báttur í eðli heimsins.* (Sjá Nýal 1. bindi, bls. 44—46).

Hugtakakenning Platóns getur fallið að skilningi íslenskrar heimspeki um samband vitunda í alheimi. Að skilja eitthvað hér á jörð er oftast það sama og að átta sig á því sem vitað er á öðrum hnöttum. Hugtökin eru veruleiki og að lifa af líkamsdauðann, segir Platón. Þau eru veruleiki af því að til er vit sem veit og af því að til eru menn sem hugsa, ekki aðeins á þessari jörð. Þau eru gefin í huganum, segir Platón. Barnið hefur því líklega erfðir til að skilja hin einföldustu hugtök. Til þess að skilja þetta þarf að vita af lífsambandinu. Hugtökin þarf að flokka í einföld og samsett hugtök. Dæmi um einfalt hugtak er dæmi Platóns um fingur tvö misstóra. Dæmi um samsett hugtök er t.d. lífsambandið milli stjarnanna sem byggist á mörgum eingum þekkingar.

Öll umræða um hugtök verður misvísandi nema samræmdur skilningur sé á hugtökunum. Þau eru hornsteinar í röklegri hugsun. Ég tek dæmi um misskilið hugtak, það er hugtakið um endurholdgun. Endurholdgunarhugtakið er skilið af flestum í sambandi við þann misskilning guðspekinga að menn fæðist aftur og aftur af móður hér á jörð. Samkvæmt íslenskri heimspeki lifir enginn fósturskeiðið nema einu sinni. Þessi kenning ætti því að heita endurfæðingar- eða endurburðarkenningin. Skilningur íslenskrar heimspeki á hugtakinu endurholdgun er að menn endurlíkamnist = endurholdgist á annarri stjörnu þá er menn andast á þessari jörð.

Sambandsfræði

Ég nefni hér til þriðju staðhæfingu dr. Helga Pjeturss sem snertir veruleikann.

Á grundvelli kenningar eðlisfræðingsins Faradays að hvert atóm hefði áhrif á allan heiminn útfærði dr. Helgi Pjeturss þá kenningu heimspekilega. (Tilvitnun = Nýall XVII. kafli, bls. 36—37, útg. 1919).

„Vér getum haldið áfram og sagt: eigi einungis hefir hvert ódeili áhrif á allan heiminn, heldur einnig hver samögn (molecule), hvert efnasamband, hver líkami. Eigi aðeins hin mikla sól, stjórnandi hnattkerfis vors, geislar áhrifum út um allan heim, heldur má segja hið sama um hinn minnsta hnött sólhverfisins, og hina minnstu hræringu, sem í sólhverfinu á sér stað, hvort sem hún gerist í lifandi líkama eða líflausum. Og vér getum farið lengra en Faraday, hinn mikli uppgötvuður íleiðslurafmagnsins (electric induction), virðist hafa gert. Vér getum sagt, að hverju þessi áhrif alls á allt miða. Hver minnsta hræring, sem verður í heiminum, hver minnsta efniseind, leitast við að framleiða sjálfa sig um allan heim, breyta öllum heiminum í sig. Frá hverri veru, hinni stærstu og margbrotnustu til hinnar smæstu og einföldustu, stafa geislar, sem miða að því að framleiða sjálfa þessa veru.

Þetta er undirstöðulögumál. Það stendur ennþá dýpra en

lögmálið um aðdráttarsamband hnattanna. Og það nær alla leið upp; best getum vér glöggvað oss á því með því að rannsaka vora eigin meðvitund.“

Pessi staðhæfing er afar merkileg því hún snertir sjálfan grunn veruleikans. Við mat á framangreindri staðhæfingu hefi ég eftirfarandi í huga:

1. Ég skilgreini að sá veruleiki sem við skynjum, byggist á þremur þáttum. Þeir eru eftirfarandi: *Orka — efni og hugsun*. Ég kalla þetta hinn þríeina grunn veruleikans. (Hugtakalega er orðið þættir of stíft þó ég noti það hér, annað kæmi til greina, svo sem að greina heiminn í fasa).
2. Hina síkviku víxlun efnis og orku, skv. orkuskammtakenningunni.
3. Regla skoska eðlisfræðingsins J. G. Bells frá 1964 og tilraunir franska vísindamannsins Allans Aspects og samstarfsmanna hans frá 1982 um hegðun tvíburaljós-einda, gefa til kynna að tíma og fjarlægðir innan alheims-ins geta orðið að engu.
4. Orkudeili eru grunneiningar efnis.
5. Skilgreina verður hugtakið geislun sem endursköpunarviðleitni geislandans. Sumt er háð tíma og fjarlægðum, annað ekki. Dæmi: Maður hugsar til einhvers. Hann geislar ekki aðeins hugsun sinni. *Henni fylgir allt hans sjálf*.

Á þessum grundvelli um efni og orku vík ég aftur að staðhæfingu dr. Helga Pjeturss. „Frá hverri veru, hinni stærstu og margbrotnustu til hinnar smæstu og einföldustu, stafa geislar sem miða að því að framleiða sjálfa þessa veru.“

Við má bæta sem tilraun til skýringar. „*Öll geislun lífvera hversu vitt sem hún hefur náð um veröld alla er óaðskiljanlegur hluti geislandans, og þess vegna er hver og ein lífvera þáttur í eðli heimsins og eilíf staðbundin tilvist hennar eins óhjákvæmileg og geislar hennar sem æða um geimdjúpin eða hafa bundist í öðrum efnispáttum heimsins.*“

Því meir sem þekking vex sjáum við hversu þessir þættir veruleikans eru samtvinnaðir. Öll framvinda byggir á víxlun

efnis og orku og hugsunin verður meiri áhrifavaldur þegar þekking á hverju sviði vex. Á þessum grunni byggist saga heimsins. Það verður skiljanlegt að þegar maður hér á jörð verður ófær um að vera miðstöð ævigeislunar sinnar, er heimsnauðsyn að efna honum nýjan líkama.

Lífið og maðurinn

Til þess að reyna að skilja lífið þurfum við að skilgreina stöðu þess í efninu allt frá fyrsta sjáanlega vísi til lífs til þess æðsta sem við þekkjum.

Dæmi: Hvað þurfti til að efnið færi að hugsa: Tiltölulega fá frumefni eru byggingarefnið í hinum margbrotnustu sameindum sem eru undirstaða frumunnar. Frumur mynda með sér félag og af þróast maður sem hugsar og undrast og getur lagt til eftirmynnd ættar sinnar með örlitlu broti af sjálfum sér.

Maðurinn er samfélag milljarða fruma. Ein og sér er hver fruma ekki máttug, en vegna tengingar hennar við aðra í hópnum myndast sérhæfðar einingar undir samhæfðri stjórн og slík samstilling myndar manninn, hugsandi veru. Margfeldi getu þessara milljarða fruma liggur í sambandi þeirra innbyrðis og þessi vera nær svo mörgum sinnum fullkomnara sambandi við alheiminn vegna samstillingar frumanna.

Álykta má: *Við þekkjum ekkert líf nema í tengslum við efni og teljum að það sé ekki til nema á grunni háþróaðs efnis.*

Maðurinn er sambandsvera, sem geislar sér út í alheiminn, og allir menn eru í sambandi við einn eða fleiri í einhverju afslvæði í heiminum þar sem fyrir er nægjanleg samsvörun. Þetta er í eðli lífsins og nær jafnt yfir það sem við skilgreinum gott og illt. Allir menn hafa eitthvert næmi fyrir áhrifum. Við getum kallað þau áhrif nærrhrif sem virka beint á eitt eða fleiri hinna skilgreindu skilningarvita. Fjarhrif þau sem einstaklingurinn verður fyrir utan skynsviðs skynfæranna og fara bein inn á heilastöðvarnar án þess að vera fyrst numdar af skilningarvitum, t.d. sýn og/eða heyrn.

Því er það þegar þær blandast saman, t.d. sýn með skyni augans, og önnur aðsend áhrif án skynjunar augans þá fer eftir þekkingu og hverju einstaklingurinn trúir hver úrvinnslan verður. Einnig fer það eftir umhverfisáhrifum og afslsvæði því er umlykur hann. Slíkur hæfileiki manna er mismunandi og hann leiðir oftast til fáfræði og vitleysu en getur leitt til vitsauka.

Næmi sem er langt umfram það sem venjulegt er má kalla ofurnæmi. Dr. Helgi Pjeturss var ofurnæmur, sér til vitauka, en það skapaði honum mikla erfiðleika í lífinu. Er það samkvæmt íslenskri heimspeki ekkert smáraðis mál hverjum samböndum menn tengjast.

Maðurinn er sendistöð = útvarpar sér út í alheiminn, þegar hann vakir með virkri lífsstarfsemi. Því betra ástand sem er í frumufélagi hvers líffærис og samstilling líffæranna betri, því betri orkustöð er maðurinn og viðtæki hans og betra og draumar hans skyrari. Ef menn vita þetta geta þeir betur stillt viðtæki sitt og vita að þeim er nauðsyn að vera jákvæðir. Þá er hver hugsun leið til annarrar betri. Þetta stuðlar að góðri framvindu og lífstefnuleið. Allt sem maðurinn hugsar og gerir á hverri andrá lífs hans hér á jörð mótar efnið sem mun síðar skapa hann á öðrum hnetti. Þetta er skilningur í líffræði.

Þegar sjálfssstarf hugans er í lágmarki eða maður sefur er maðurinn virkast móttökutæki og hann dreymir.

Samkvæmt íslenskri heimspeki er undirrót allra drauma lífgeislaáhrif vökuvitundar eða vitunda einhvers staðar úr alheimi. Hinn rangi skilningur og stilliáhrif afslsvæðis umhverfisins stillir viðtæki mannsins sem því miður er oftast ruglað hér á jörð. Dreymi mann að hann líti í spegil sér hann allt annað andlit en sitt eigið.

Svo mikilsverðir eru draumar að maðurinn lifir skemur draumlaus en matarlaus.

*Benedikt Björnsson.
Framhald verður í næsta desemberhefti Lg. nr. 76.*

Katherine Kershaw:

Kannabis: Eitur!

Mongólar lögðu ríki Araba í rústir og þær þjóðir, sem þeim tókst ekki að eyðileggja með hervaldi, vöndu þeir á hassneyslu og þá var eftirleikurinn hægur að eyðileggja menningarsamfélag á þroskabraut.

Kannabis hefur haft djúptæk áhrif í sögu mannkynsins. Enda þótt neysla þess sé bönnuð með lögum í Norður-evrópulöndum og í Ameríku og víða annars staðar, er það mikið notað, einkum meðal námsmanna og ungs fólks. Svo virðist sem þætti þess í yfirstandandi umskiptum menningarinnar sé langt frá því að vera lokið.

Fyrir einum átta hundruð árum blómgaðist menningin í löndum Múhameðstrúarmanna. Úrvalsmenn á sviði vísinda og heimspeki, skáld, listamenn og stjórnmálaskörungar máttu sín mikils í borgum Litlu Asíu, og voru að byggja upp þjóðfélag lengra komið í vísindum og hverju því, sem til hámenningar heyrir, en nokkurt annað sem þá þekktist. Möguleikarnir, sem bjuggu í þeirri tilraun, urðu aldrei að veruleika. Vöxtur hennar stöðvaðist skyndilega við það að Genghis Khan kom fram (herhlaup Mongóla árið 1206 og þaðan af) og sótti inn í þessi lönd og önnur með morðfúsar hersveitir sínar. Jafnframt innrásinni var þar fylgt ákveðinni stjórnarstefnu, þeirri, að eyðileggja ekki aðeins helstu byggingu og stofnanir í borgum þessara landa, heldur að útrýma öllum íbúum borganna. Sérstakt kapp var lagt á að útrýma öllum, sem á einhvern hátt báru af: gáfumönum og þeim, sem höfðu forustuhæfileika og gætu því farið að skipuleggja andstöðu gegn ofurvaldi innrásarliðsins.

Ásamt hinum gífurlegu útrýmingaraðgerðum (sem ekki voru þó látnar ná til sveitafólks) var notkun kannabisefna

innleidd meðal hinna sigruðu þjóða til þess að tryggja það, að Arabajjóðirnar skyldu aldrei endurheimta vitsmuni sína og skapandi hæfileika.

Það að þessi planta hefur verið notuð þannig til þess að kúga heilt samfélag siðmenningar mætti vera tilefni til þess að staldra við, að líta á ástandið hér og nú, hjá okkar eigin kynstofni og þjóð.

Margar raddir hafa heyrst, sem láta mikið af því að þessi planta sé skaðlaus, hættuminni en tóbak og brennivín, og að hún sé hentug og skemmtileg aðferð til að örva félagsleg samskipti. Þessir sérstöku meðmælendur hvetja til notkunar efnisins, heimta að sala þess verði lögleyfð, og líta á það sem allt að því trúarlega reynslu að njóta þess sem þeir kalla „hugarvíkkandi áhrif“. Með þessum fullyrðingum og kröfum sanna þeir á sér eitt af einkennum þess að vera háður slíkum efnum: þörfina til að draga aðra með sér niður í notkun þeirra. Fullyrðingarnar eru hinsvegar fjarri öllum sanni.

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á síðustu 20 árum, sem leiða í ljós hver eru hin raunverulegu áhrif þess að neyta kannabiss. Það er mikið áhyggjuefni, að árangur þessara rannsókna er einungis að finna í vísindatímaritum eða í bókum sem almenningur hefur ekki aðgang að. Smámsaman skapast „viðhorfsbreyting“, svo að farið er að líta á það einungis sem sérkennilegt athæfi að stunda „pottareykingar“, og fólk fer að hneykslast á því, þegar neytendur eru lögsóttir. Talsmenn lögleyfðrar kannabis-sölu njóta vaxandi fylgis.

Talsmenn þess að sala efnanna verði lögleyfð bera fyrir sig yfirlitstölur og vísindaniðurstöður til þess að sýna fram á hversu holl og góð áhrif efnisins séu. Það má sjá að slíkar yfirlitstölur eru tíndar upp úr rannsóknum og skrám sem gerðar voru á árunum milli 1960—70, en þá var notkun efnanna ekki aðeins mun minni og vandamálið nýtt, heldur var það efni, sem þá var rannsakað, vægara og í því var miklu minna af vímuvaldinum THC (tetrahydrocannabinol). Yfir-

litstölur byggðar á notkun þeirra efna, sem nú eru í umferð, segja allt aðra sögu.

Gagnstætt alkóholi, sem kannabis er oft borið saman við, er THC ekki uppleysanlegt í vatni. Af því leiðir að alkóhol skolast burt úr líkamanum eftir fáa klukkutíma, en THC, sem er leysanlegt í fitu, sest fyrir í fitubornum hlutum líkamans og í lifur, lungum, kynfærum og heilanum. Það tekur líkamann ekki skemur en þrjár vikur að brjóta niður þessar birgðir af efninu og losa sig við þær, svo að sá, sem reykir oftar en „eitt stuð“ á þrem vikum, mun aldrei losna við efnid og magn leifa þess í líkamanum fer sívaxandi.

Afleiðingar neyslunnar, bæði andlegar og líkamlegar, eru skaðvænlegar, og fyrir liggur nóg vitneskja um það, að hjá mörgum eru þær óbætanlegar.

Sálfræðileg áhrif

Það, sem að neytandanum sjálfum snýr, er að áhrif efnisins skapa honum líkamlega vellíðan og síðan saelukennd, og það er þetta sem knýr á um áframhaldandi notkun og gerir manninn háðan henni. Áhrifin eru slík, að neytandinn gerir sér ekki grein fyrir þeirri rýrnun hugarstarfseminnar sem af þessu leiðir: minnið minnkars, dómgreind, vitsmunir, yfirsýn og markmið. Þó að notkun standi ekki lengur en þrjú ár, geta geðveikieinkenni farið að koma í ljós. Hrörnun hugarstarfseminnar fer að gera vart við sig og hæfileikinn til að setja sér markmið. Hjá mörgum er þetta óbætanlegt. Þar sem lítil notkun nægir til að minnka athyglisgáfuna, leiðir mikil notkun til sljóleika og kæruleysis. Rangar hugmyndir um veruleikann, ruglingur, minnistap, minnkandi einbeitingarhæfileiki, skortur á markmiðum og andúð á aga eru algeng einkenni neytenda. Svo eru kvíðaköst, hugarórar og kynleg umskipti hugans.

Hið geigvænlegasta af því, sem nýlegar rannsóknir hafa leitt í ljós, er að skemmdirnar, sem orsakast af notkun THC, koma verst niður á þeim best gefnu. Því meiri vitsmunum og gáfum sem neytandinn er búinn, því meiri eru skemmdirnar

á þeim eiginleikum. Maður með hátt gáfnastig og mikla möguleika til framfara getur orðið fyrir verulegum og varanlegum skaða, þar sem hæfileikalítill maður með gáfnastig fyrir neðan meðaltal missir tiltölulega lítið af sínu.

Líkamleg áhrif

Nýjar rannsóknir sýna að verulegar og varanlegar skemmdir á heilafrumum geta orsakast af aðeins lítilli notkun kannabiss um ekki lengri tíma en átta mánuði. Þetta bendir til þess að margvísleg truflun á hugarstarfsemi stafi af heilaskemmdum af þessu tagi.

EKKI er aðeins um heilaskemmdir að ræða. THC hefur reynst hafa áhrif í þá átt að brjóta niður ónæmiskerfi líkamans. Það ætti að mega fyrirgefa mönnum, þótt þeim detti í hug samband þessara staðreynda við hinn alþjóðlega eyðinifaraldur: yfirgnæfandi meirihluti eyðenisjúkra kemur úr umhverfi þar sem kannabisneysla er sjálfsagður hlutur.

Jafnvel lítil neysla kannabiss getur valdið skemmdum á kynfærunum: gerð sæðisfrumanna og framleiðsla þeirra truflast, og hjá konum verður stórmikil aukning á fósturláti og fósturskemmdum. Lungnasjúkdómar, mun alvarlegri en þeir sem tóbak orsakar, eru algengir hjá kannabisneytendum, og enn hættulegra er að neyslan getur leitt til bronkítis og lungnavefsskemmda eftir litla notkun í tólf mánuði. Slíkt ástand líkamans kemur ekki fram við tóbaksnautn fyrr en eftir samfelldar reykingar í tíu til tuttugu ár.

Framleiðsla og dreifing kannabiss er, enda þótt ólögleg sé, þaupskipulögð fjármagns- og viðskiptastarfsemi, með billjóna króna hagnað á hverju ári. Þó er hinni viðtæku dreifingu þess ætlað að gera meira en að afla fjár. Henni er ætlað að leiða til erfðafræðilegrar rýrnunar og vera aðferð til að hneppa í þrældóm. Við, sem kunnum að meta frelsið, ættum að heyja baráttu gegn þeirri starfsemi.

*Þorsteinn Guðjónsson þýddi úr „Northern Wind“, bresku ásatrúarriti.
Tíminn 18. júlí 1992.*

Þorsteinn Guðjónsson:

Þjóðerni og menning

Í Morgunblaðinu 19. mars er grein eftir Jóhann Hauksson um þjóðernisstefnu og telur hann hana vonda. Þetta er reyndar misskilningur. Jóhann heldur að metnaður eins hljóti að vera fjandskapur við annan, en þetta er ekki annað en hugarfar öfundarinnar.

Þjóðernisstefna er góð, vegna þess að hún skapar þá samheldni, sem nauðsynleg er. Hún er stefna Rasmusar Rasks, Jónasar Hallgrímssonar og Jóns Sigurðssonar, Snorra Sturlusonar og Jóns Arasonar, Steinunnar Refsdóttur og Málfríðar skáldkonu (sú síðarnefnda kenni mér).

Þjóðernisstefna hvetur til dáða, en andþjóðernisstefna dregur niður í sukk ómenningar, sinnuleysis, glæpa, eiturlýfja, fegurðarsamkeppni og þess að sýna sig á útsíðum Plagboga.

Þjóðernisstefna er góð, því að það var hún sem steypti harðstjórum árið 1989, en 89-hreyfingin spratt síst af öllu af fylgi við alþjóðaauðmagnsstefnuna, sem nú ætlað að læsa klóm sínum í það sem eftir lifir af þjóðum.

Sá misskilningur, að þjóðernisstefna sé vond, stafar af þeirri ímyndun, að hún sé sama sem hernaðarstefna. En ef vel er skoðað þá er þessu þveröfugt farið. Sjá til dæmis það, að engin þjóð hefur verið jafn þjóðernissinnuð og Íslendingar, sem aldrei hafa farið með ófriði á hendur nokkurri þjóð.

Hin rétta samstilling mannkynsins, sem leiðir til heimsambands, byggist á því að hver þjóð haldi sínum sérkennum og leggi rækti við þau, en ekki á því að eyða þeim. Þjóðir eru eins og einstök liffæri í líkama, gagnlegar hver í sínu lagi. Þeir einir sem leggja rækt við uppruna sinn munu lifa af, hinir allir farast.

Mbl. 22. 4. 1992.

RIT Dr. Helga Pjeturss



**Nýall — Ennýall — Framnýall
Viðnýall — Sannýall — Þónýall
Valdar ritgerðir I og II**

**FRÁBÆRAR BÆKUR
SEM ALLIR PURFA AÐ LESA**

Nýalsrit Dr. H
nytsöm eign á

Er þér kunnugt um — að
maður Íslendinga á fyrri
hinnar viðurkenndu fræði
sóknir á svefni, draumum
um þau efni rit, sem bæði
og alþýðufólk.

Er þér kunnugt um — að
héldu, að hvergi væru reiki
okkar og hvergi líf nema hér
fram með vísindalegum rökum
lífsins á ótal hnöttum.

Er þér kunnugt um — að
hyggjumaður í flokki vísindum
þó afdráttarlaust hin “sálra”
skýringa á eðli þeirra.

Er þér kunnugt um — að að
kom til sögunnar, hafði d
hugtökin lífgeislun og lífgei
þessarar geislunar?

Er þér kunnugt um — að
skyrir ekki aðeins svefn o
skyggni, dásvefn, trúarreynsl
myndir manna um framhald

Er þér kunnugt um — að d
sinnar — réttum helmingi h
ast og fræða um þessi málefni
verða almennings-áhugaefni.

Er þér kunnugt um — að þ
á landi haldið fram, að m
væru að komast á ystu nöf
ingar og vísindamenn annar
um slikt?

Helga — nýum tínum.

að framsækinn raunvísinda-
hluta 20. aldar fékkst, auk
þögreibnar sinnar, við rann-
n og eðli lífsins, og skrifaði
voru ætluð vísindamönnum

að meðan íhaldssöm vísindi
íkistjörnur nema við sólina
hér, hélt höfundur Nýals því
ókum, að samband væri milli

að doktor Helgi var efnis-
indamanna, en viðurkenndi
hlænu" fyrirbæri og leitaði

ádur en Kirlian-myndtæknin
dr. Helgi myndað vísinda-
geislar og sagt fyrir um eðli

að kenning doktors Helga
og drauma, heldur einnig
nslu, og hinrar ýmislegu hug-
ald lífsins og æðri veruleika.

dr. Helgi varði 38 árum ævi
hennar — til þess að fræð-
lefn, sem nú eru að nýju að
fji?

Þegar um 1920 var því hér
mannkynið og hnötturinn
óf löngu ádur en heimspek-
narsstaðar fóru fyrst að tala

1. Nýall, 400 bls.
2. Ennýall og Framnýall, 484 bls.
3. Viðnýall og Sannýall, 322 bls.
4. Pónýall, 320 bls.

og nýtt ritgerðasafn eftir dr. Helga:

- A. Valdar ritgerðir I, 480 bls.
- B. Valdar ritgerðir II, 360 bls.

Verð þessara sex bóka:	Kr. 26.000
Verð Nýalsritanna (4 bindi):	Kr. 18.000
Verð Valdra ritgerða I—II:	Kr. 10.000

20% afsláttur er veittur gegn staðgreiðslu.

Undirrituð/aður óskar að kaupa:

6 bindi 4 bindi 2 bindi

Nafn _____

Heimilisfang _____

Póstnr./staður _____

Sími _____

og óskar að greiða kaupin á eftirfarandi hátt:

VISA EURO ANNAÐ: _____
 PÓSTKR. STAÐGR. RAÐGR.: _____

KORT NÚMER: _____

GILDISTÍMI KORTS: _____

SKÁKPRENT

DUGGUVOGUR 23
PÓSTHÓLF 1179 — 121 REYKJAVÍK

Þorsteinn Guðjónsson:

Pralaya og manvantara

Vegna þess að hvellkenningin mikla um „upphaf alheimsins“ hefur nú fengið nýtt eldsneyti í geymana til þess að geta haldið áfram þotuflugi sínu um auglýsingahimin alþjóðamarkaðarins verð ég enn að gera þá athugasemd að „upphaf alheimsins“ er ekki til. „Sérhvað eitt, sérhvað takmarkað á frumorsök sína fyrir utan sig“ hefur mikill heimspekingur sagt. Jafnvel þótt menn segi, að „rúm og tími hafi orðið til“ við hvellinn (og hananú), breytir það engu um það, að eiththað hlaut að verða til þess, að þetta varð. Það er glöggur vottur um vanhugsun þessa mannkyns, sem virðist að því komið að eyða sjálfu sér, hve mikilla vinsælda kenning um hvell eða skell sem upphaf alls nýtur meðal hinna áhrifa mestu afla.


Engu að síður verður að viðurkenna, að kenningin um „alheim“, sem með nokkrum hætti sé takmörkum bundinn, virðist hafa nokkuð til síns máls. Helgi Pjeturss vitnar í elstu indverska heimspeki og segir þá tala þar um pralaya, þá öld sem var, áður en heimur var skapaður, og manvantara, eftir að heimur varð til. Í allri kenningu doktors Helga, hvar sem boríð er niður, er gert ráð fyrir takmörkuðum alheimi (en geysistórum), en eingöngu þó sem þætti í tilveru sem er óendantleg. Það er þetta síðastnefnda sem leysir vandann, gerir það fært að meðtaka hugsunina um takmarkaðan stjörnugeim. En á hvern hátt það tengist hinni meiri tilveru er vandi að vita. Hitt hef ég fyrir stjörnufræðinga, sem sögðu drýgindalega: „Út í það fara fáir.“ Ekki get ég dáðst að slíkri næ gjusemi.

Ef gert er ráð fyrir því, að goðasögur fornar feli í sér meiri speki en við fyrstu sýn virðist — en það hefur þó oft orðið

að hæpnum leik — má sjá að kennin um jötuninn Ymi (Ymir er hann stundum nefndur en Ymir mun réttara), sem slátrað var „áður en heimur var skapaður“, er í góðu samræmi við hinar indversku hugmyndir um pralaya og manvantara. Ymir varð að farast, því að „hann var illur og allir hans ættmenn“ eins og Snorri segir og bendir þetta til þess að hinn fyrri heimur hafi verið missmiði. Vanþekking svipuð þeirri sem nú veður uppi hér á jörð, víða mjög, og eitrar flesta brunna, varð ráðandi í þeim alheimi sem fórst. Í skjóli vanþekkingar fengu hinir illu möguleika á að þróast, á ótal hnöttum. En nú, á öldinni sem hinir fornu spekingar nefndu manvantara („Mann vantar að... bæta úr“), hefur maður komið fram, sem enginn varð slíkur í hinum fyrra heimi. Eðli svefns og drauma, og þar sem sambandið milli lífsins á stjörnunum hefur fundið verið — á einum hinna „afskekktustu“ kothnatta. Furðulega samstæð og altæk heimspeki hefur komið fram og skráð verið. Sigurbraut er lögð, ef menn þá vilja nokkuð annað en ósigur. Það verður fróðlegt að sjá þann bátsvein („boatswain“ segir Shakespeare), sem fyrstur sest þannig undir árar, að skriður verði að.

Pessi setning heyrðist handan að, fyrir ekki löngu, líklega frá nýframliðnum, sem ætlaði að fara að hafa samband við Reykjavíkinga, en rak sig á erfiðleika þegar hann gægðist inn í hugskotin: „Þeir hafna þáttöku í hinu mikilsverðasta málefni, en leggja líf og sál í einskisverða heimsku-keppni.“ Hinn framliðni hafði ekki varast það, að „brids“ hafði altekið hug manna.

Mbl. 19. 5. 1992.



Hversu mörg sólhverfi meðal þessara stjarna skyldu fóstra líf?

Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka:

Sýnir og fyrirboðar

Óvæntur gestur

Þegar ég var átta ára gamall á Kvennabrekku í Dalasýslu var ég eitt sinn að haustlagi sendur með skolpfötu sem ég átti að hvolfa úr úti á varpanum því þá árið 1926 var hvorki skólp né vatnslögn á bæjum þar vestra.

Nú þegar ég kem út úr bæjardyrunum sé ég ókunnan manн standa á stéttinni og horfa á mig góðlátlegum sterkbláum augum en í svip hans var þó alvara og festa. Þetta var fremur ungar maður, klæddur í nokkurs konar úlpu, dökka á lit, í ljósum buxum, hnéháum sokkum og skinnskóm og voru skóþvengirnir bundnir upp á fótleggina. Hár hafði maðurinn nokkuð ljóst og féll það í lokkum á herðar niður.

Á hálsi mannsins var rauð rönd sem náði að mér sýndist alla leið í kringum hálsinn.

Ég stóð eins og steini lostinn og missti fötuna úr hendi mér svo skolpvatnið helltist yfir fætur mér.

En ég skynjaði eða heyrði að maðurinn sagði hlýlegum en ákveðnum rómi: „Hér sérðu mig eins og þú varst að óska þér í dag.“

Mér varð litið niður á vota fætur mína, en þegar ég leit upp aftur var maðurinn horfinn og sá ég hann aldrei framar.

Ég flýtti mér inn í bæinn og á leiðinni inn bæjargöngin rann upp fyrir mér að ég vissi hver þessi maður var. Þetta var Hermundur Hermundsson, sem var í liði Sturlu Sig hvatssonar í Örlygstaðabardaga og var til höggs leiddur eftir að Sturlungar höfðu tapað orustunni við þá Kolbein unga Arnórsson og Gissur Þorvaldsson.

Hermundur hafði sagt að hann vildi kneppa hári sínu svo það yrði eigi blóðugt og það gerði hann.

Nú var hann kominn alla þessa löngu leið gegnum aldir og ár til síns heimabæjar Kvennabrekku vegna fáviskulegrar óskar átta ára drengs sem hafði þennan sama dag lesið frásögn Sturlungu um Örlygsstaðaorustu og afleiðingar hennar.

Ég sagði móður minni einni frá sýninni og sagði hún mér ráðlegast að segja ekki fleirum og hef ég haldið það ráð þar til nú.

Gunnar Hjörvar:

Nýall og félagsstofnun

Nýall bendir á hættu, sem fylgir því að stofna félag til styrktar einhverju málefni. („Hið mikla samband“, XXXII, 11 bls.) En þó getur verið betra, að einstaklingurinn leggi fram fé sitt og vald og „fái það í hendur víxlurum“, er bera ávöxtu þess, eins og stendur í bíblíunni, heldur en að láta það liggja ávaxtalaust.

Fyrir miðilsmunn er sagt: „Saga hvers er rifjuð upp á framlífsjörð í smáu og stóru. Hvað eina, er miðar til þroska, varir og bætir við sig óaflátanlega“. (FM. J. 17. 12. '84). Proskavon einstaklingsins er þannig höfuðviðmiðun í framlífi.

En þroski ræðst mjög af frjálsu vali. Félag dregur úr þroskavon einstaklingsins. Hann fær öðrum í hendur það vald, sem fylgir því að ráðstafa eigin fé eða ráða eigin málum. Og sé hann í félagsstjórn, þá ráðstafar hann annarra fé eða ræður annarra málum, sem verður honum til lítils þroska.

Fyrir miðilsmunn er enn fremur sagt: „Það eru leiðtoga her, er menn sameinast um“. (FM. 140). Á framlífsjörðum sameinast menn þannig um leiðtoga og hreyfing myndast, en ekki eru stofnuð félög né kosið í stjórnir. (Sbr. FM. 140).

Einar Benediktsson:

Norðurljós Brot

Veit duftsins son nokkra dýrðlegri sýn
en drottнanna hásal í rafurloga?
Sjá grundu og vog undir gullhelfdum boga! —
Hver getur nú unað við spil og vín?
Sjálf moldin er hrein eins og mær við lín,
mókar í haustsins visnu rósum.
Hvert sandkorn í loftsins litum skín,
og lækirnir kyssast í silfurósum.
Við útheimsins skaut er allt eldur og skraut
af iðandi norðurljósum.

Frá sjöunda himni að ránar rönd
stíga röðlarnir dans fyrir opnum tjöldum,
en ljóshafsins öldur með fjúkandi földum
falla og ólga við skuggaströnd.
Það er eins og leikið sé huldri hönd
hringspil með glitrandi sprotum og baugum. —
Nú mænir allt dauðlegt á lífsins lönd
frá lokuðum brautum, frá myrkum haugum,
og hrímklettar stara við hljóðan mar
til himins með kristallsaugum.

Nú finnst mér það allt svo lítið og lágt,
sem lifað er fyrir og barizt er móti.
Þó kasti þeir grjóti og hati og hóti,
við hverja smásál ég er í sátt.
Því bláloftið hvelfist svo bjart og hátt.

Nú brosir hver stjarna, þótt vonirnar svíki,
og hugurinn lyftist í æðri átt,
nú andar guðs kraftur í duftsins líki.
Vér skynjum vorn þrótt, vér þekkjum í nótt
vorn þegnrétt í ljóssins ríki. —

Hve voldugt og djúpt er ei himins haf
og hásigldar snekkjur, sem leiðina þreyta!
Að höfninni leita þær, hvort sem þær beita
í horfið — eða þær beygja af.
En aldrei sá neinn þann, sem augað gaf,
— og uppsprettur ljóssins ei fundnar né skýrðar.
Með beygðum knjám og með bænastaf
menn bíða við musteri allrar dýrðar.
En autt er allt sviðið og harðlæst hvert hlið
og hljóður sá andi, sem býr þar.

Jónas Hallgrímsson:

Hornbjarg

Yzt á Hornströndum heitir
Hornbjarg og Kópatjörn.
Þeir vita það fyrir vestan,
þar verpir hvítur örн.

Um sumarnótt, er sveimar
sól yfir norðurslóð
og þoka sígur um sjóinn,
hann situr rauður sem blóð.

Og örнinn lítur ekki
oná hið dimma haf,
og horfir í himinljómann.
Hafskipið sökkur í kaf.

Helgi Pjeturss:

Draumlífið og samband lífsins í alheimi

Mig dreymir, því miður, sjaldan svo, að fróðleikur sé í; kemur þar til greina það, sem ég hefi nefnt stillilögmaðið (Law of determinants), og skal það ekki skýrt nánar að sinni. Fyrir kemur það þó stundum, að rofar til í þokunni, og að mér veitist í draumi útsýn, sem fróðleg er. Og svo var einn morgun, sem nú skal sagt frá. Ég hafði daginn áður átt tal við two mikla gáfumenn, en mig dreymir aldrei neitt, sem jarðfræði snertir, nema ég hafi rétt áður átt tal við einhvern, sem vel er skynsamur og skýrt hugsandi; og er greinilegt, að betra er að fleiri sé en einn.

Ég þóttist í draumi vera staddur í bæ, sem var ekki alls ólíkur Reykjavík, en þó að engu, af því sem ég gat séð, eins. Þetta var snemma morguns, og veður gott og bjart. Fólk var að koma út úr næstu húsum. Kom ég fyrst auga á stúlkum, sem að vísu var mjög eftirtektarverð, því að hún var yfir 4 álnir á hæð. En þá sá ég aðra, og var hún engu minni. Þá kom út karlmaður og var hann álíka tröllvaxinn og stúlkurnar. Virtist mér sem meðalhæð fólksins í þessum bæ, mundi vera a.m.k. 1 metri framyfir það, sem er hér í Reykjavík. Fiskur var þar, ekki breiddur, heldur hengdur til þerris; var hann flattur og ekki líkur neinum fiski, sem ég hef séð, en þó gat ég ekki verið í vafa um, að fiskur væri það. Þá varð mér litið út yfir sjóinn, lognsléttan og morgunskínandi, og blasti þar við í nokkurri fjarlægð fjall, sem að vísu minnti talsvert á Akrafjall, en virtist þó fróðlegra frá jarðfræðilegu sjónarmiði. Brá nú svo við, er ég virti fyrir mér fjallið með

urðum og hamrabeltum, að ég sá það altíeinu mjög skýrt, og svo sem ég stæði rétt hjá því. Hygg ég, að þar hafi komið til greina hjálp frá öðrum draumgjafa en þeim, sem ég hafði haft samband við þangað til, og að vísu á miklu hærra tilverustigi, þar sem menn geta, þegar þeir vilja, séð betur en hér á jörðu er hægt með nokkurri fjarsjá eða smásjá. Þarna var um að ræða bergtegund, sem ég hefi aldrei í vöku augum litið, og eru mér einkum minnisstæð geisistór björg, sem hrunið höfðu úr hömrúnunum fyrir ofan; voru þau einkennilega fagurgræn á lit. Hefir nú að vísu sumt basalt verið nefnt grængrýti, en þetta berg var ákaflega miklu fegra en það, og nær því sem gimsteinn væri. Mér fór nú að verða ljóst, að mig var að dreyma, og þó þannig, að ég var að litast um á annari jörð, sem hlaut þó að vera mjög svipuð þeirri, sem ég á heima á. Langaði mig nú mjög ákaft til að draumurinn mætti endast nokkuð enn, svo að ég gæti litast betur um. En þá vaknaði ég. Vafalaust tel ég, að hefði mig dreymt á þessa leið, áður en ég fór að rannsaka eðli drauma, mundi mér aðeins hafa virst sem mig hefði dreymt fagran vormorgun í Reykjavík; og eins að sínu leyti, um fífilbrekkudrauminn, sem ég hefi sagt frá í kafla hér áður. En nú, eftir meir en 40 ára athuganir, veit ég með vissu, að mig dreymir aldrei það, sem mér er kunnugt úr vöku, og eins, hver skýringin á þessu er. Vér getum með því að athuga draumlíf vort, alveg gengið úr skugga um samband vort við íbúa annara jarðstjarna. Og enn fremur er augljóst, hvernig draumsambandið mætti fullkomna svo, að vér gætum notað svefnstundirnar svo sem til ferðalaga í alheimi, oss til stóraukins fróðleiks. Og huggunar. Því að vér gætum heimsótt þá framliðnu, sem oss væri helst hugur á að sjá. Er óhætt að segja það fyrir, að áhuginn á að koma þessu máli í rétt horf, mun verða mikill, og það um alla jörð, þegar mönnum er orðið ljóst, að ég hefi í þessum efnum fullkomlega vísindi að mæla.

Úr „Nokkur brot“.
Sannnýall II. útg. 1955, bls. 215 og III. útgáfa 1991 bls. 295

Sigurður Ingvarsson:

Skyndidauði?

Draumur

I.

Það dreymdi mig, að ég þóttist vera úti í hrauni, með hundi mínum.

Þar sem ég er nú hér á gangi í draumi mínum, þá þykir mér hundurinn allt í einu steypast ofan í lítinn gíg. En þá rann upp fyrir mér, að hér átti enginn gígur að vera, og er ég litaðist um, sá ég, að ég var hér staddur í allt öðru hrauni og ólíku því, sem ég hafði verið að ganga um. Mér fannst þetta allt svo ólíkindalegt, að ég varð næstum hálfsmeykur og þorði ekki að fara niður í gíginn, sem ekki var stór, (e.t.v. 2—3 m. á dýpt og 5—6 m. á breidd) til þess að bjarga hundinum.

En nú eins og rann upp ljós fyrir mér, eða nýr skilningur: Ég hlaut að hafa dáíð skyndilega og komið undireins fram á þessum ókunna stað. Og er ég hafði átt að mig á þessu nýja viðhorfi, þá hvarf mér allur ótti, og mér fannst þetta nýja landslag eðlilegt að öllu leyti.

Ég fór þegar að klifra niður gígbarminn, til þess að hjálpa hundinum að komast upp.

En er hér var komið sögu, vaknaði ég af draumi mínum.

II.

Þess vil ég geta hér, að í raun á ég heima út undir hrauni í Hafnarfirði, og ég á líka hund. En í draumnum hafði ég enga minningu um Hafnarfjarðarhraun og ekki heldur um *hundinn minn*. Ég tel því að hér hafi alls ekki verið um rangþýðingu að ræða, byggða á eigin reynslu.

Dreymt 8. júní 1992.

SAMBANDSFUNDIR

Fyrir miðilsmunn 26. 08. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Guðlaug Guðlaugsdóttir, móðir Ingvars.

(Guðlaug Guðlaugsdóttir):

Kona: Ingvar, móðir þín mælir. Sæll.

Ingvar Agnarsson: Já, komdu sæl. Það var ánægjulegt að heyra í þér.

Guðlaug: Pabbi þinn er með mér. Hvað er að fréttat? Ingvar minn.

Ingvar: Já, það er allt bærilegt.

Guðlaug: Okkur er hugsað til þín, foreldrum þínum báðum, og er bjart um að litast og fagurt frá háum fjallstindi, er við höfum samband við þig.

Ingvar: Já, eruð þið í sömu byggingunni og þið voruð í eitt sinn, þegar við töluðumst við?

Guðlaug: Já, það er einmitt það. Ekki er hér fátt um manninn. Hér er fjölmenni mikið samankomið í stórkostlegum sal.

Ingvar: Eru kannski þarna þúsundir manna?

Guðlaug: Áreiðanlega svo þúsundum skiptir. Er það fólk samstilt vel og samhuga allt.

Ingvar: Fóruð þið á sama hátt upp á fjallstindinn eins og síðast, er þið töluðuð við mig?

Guðlaug: Jæja, ekki er nú breyting þar, heldur höfum við hinn sama hátt á, við svífum upp á hæstu fjallstinda eins og ekkert sé auðveldara. Ekki þýðir að segja þetta öllum á jörðinni ennþá. En sannleikurinn er þó þessi.

Ingvar: Það er nú því miður. Við erum alltaf að vonast eftir, að einhverntíma verði svipaðir möguleikar hér.

Guðlaug: Ekkert er því til fyrirstöðu ef aðeins hugirnir væru réttilega samstelltir guðunum, æðri verum hnattanna, þaðan sem hinn æðsti kraftur kemur.

Ingvar: Eru núna staddir hjá ykkur lengra komnar verur?

Guðlaug: Það er nú ekki útilokað, því heimsóknir höfum við hér oft fengið. Guðlegar verur hafa komið hér fram í björtru ljósi og tign og fegurð, æðri mannlegu tilverustigi. En það er nú þetta, sem þarf að takast á jörð ykkar, að koma þessu sambandi á við hið æðra tilverustig og mun það eigi litlар breytingar hafa í för með sér til hins betra á högum mannkyns alls. Þetta hafa ýmsir haft hugboð um, að þyrfti að verða og æðri verur hafa reynt að hafa áhrif á mannkynið um aldirnar með ýmsum aðferðum og án þess þó, að þeim hafi tekist að vitka mennina og göfga sem skyldi ennþá.

Ingvar: Og þarna eru nánir ættingjar hjá þér, hvað um föður minn og hvað um móður þína?

Guðlaug: Vissulega mjög margt hér ættingja og vina framliðinna, er hugsa til þín og allra þáttakenda fundarins. Það er vitað til allra á fundinum og margir ættingjar og vinir, er skynja til ykkar. Um óraveg geimsins hnattanna í milli opnast fjarsamband, er brúar bilið og það má segja, að því sambandi fylgi kraftur og hann getur orðið óumræðilega öflugur.

Ingvar: Fer ekki bráðum að horfa eitthvað betur á okkar jörð heldur en áður?

Guðlaug: Er heldur að rofa til og vonandi mun koma þar, að þjóðir jarðar lifi saman í sátt og samlyndi eins og þeim er ætlað að gera, en ekki berast á banaspjót. En okkur er kennt að elска náungann eða var kennt fyrir mjög mörgum öldum og þó hefur fjarri því farið, að sú kenning hafi orðið öllum slík leiðarstjarna sem skyldi. En vissulega var þar bent á hinn æðsta tilgang.

Ingvar: Má ég spyrja. Er dagur hjá ykkur núna eða nótt?

Guðlaug: Það er bjart um að litast á degi, sól hátt á lofti, heiður himinn og fagur og undursamleg litadýrð í náttúrunni.

Ingvar: Mig minnir, að þú segðir mér síðast, að sólin hjá ykkur væri bláleit?

Guðlaug: Ekki tek ég það aftur, sem ég hef réttilega sagt.

Bláleit er sólin, er hér skín á himni svo fagurlega. Mjög er hér milt veður og fagurt jafnan.

Ingvar: Er ekki geysilega mikið útsýni frá þeim stað, sem þú ert stödd á núna og fagurt?

Guðlaug: Ekki verður það öllu fegurra og betra, held ég. Víðsýni hér og fagurt mjög um að litast.

Ingvar: Er hann Gísli, bróðir þinn, þarna á sama stað og þú, en hann fór frá okkur ekki alls fyrir löngu?

Guðlaug: Og vissulega er bróðir minn meðal okkar, bles-saður, og stendur reyndar hér rétt hjá mér og hugsar til þín.

Ingvar: Já, þakka þér fyrir. Ég bið að skila bestu heilsun til hans og þakklæti.

Guðlaug: Hann er allur hinn öflugasti að verða og reyndar orðinn þegar hinn öflugasti og líður ákaflega vel og unir sér hið besta hér í hópi vina og ættingja. Er ekki annað en gott af honum að fréッta og líðan hans.

Hér er orkan miklu meiri, krafturinn er menn njóta og það svo að undrum sætir bókstaflega. Ég get með sanni sagt ég hafi yfir að ráða margfaldri orku á við það sem áður var, þegar best lét, líkamleg orka og andleg. Það er ekki, þegar svo er, hætta á sjúkdómum og þjáningum. En það er vissulega eitt hið mesta böl er jarðarbúar búa við, sjúkdómsbolið.

Ingvar: Ágústa, systir míín, er hún hjá ykkur líka?

Guðlaug: Blessuð systir þín, henni líður vel, meðal okkar dvelur hún í friði og sátt.

Hér er líforkan, eins og ég sagði, slík, að sjúkdómar og þjáningar ná ekki tökum á mönnum. Það má segja, að hafi ekki litla þýðingu fyrir fókið, þegar allt slíkt er yfirstigið.

Menn geta í draumlífi sínu hér fengið þátt í æðri meðvitund en mannlegri. Með öðrum orðum, draumgjafinn verið guðlegs eðlis og má segja, að þegar draumlífið er komið á það stig, þá fyrst hafi það náð tilgangi sínum til fulls.

Ingvar: Og hjá ykkur er draumlífið að sjálfstöðu alltaf upp á við?

Guðlaug: Ekki þekki ég annars dæmi en að svo sé.

Jæja, ætlar pabbi þinn að taka við og heilsa þér og kveð

ég þig, Ingvar minn. Vertu nú blesaður og þið öll verið þið sael.

Ingvar: Vertu blessuð og þakka þér innilega fyrir.

Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku.

Fyrir miðilsmunn 26. 08. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Agnar Jónsson, faðir Ingvars.

Agnar: Sæll, Ingvar. Blesaður, drengur minn.

Ingvar Agnarsson: Já, komdu blesaður og sæll. Það gleður mig mikið að heyra í þér.

Agnar: Jæja, var hún ekki ágæt, hún mamma þín, að koma orðum til þín.

Ingvar: Jú, það var dásamlegt.

Agnar: Ég vil ekki láta þess ófreistað heldur, er tækifæri býðst.

Ingvar: Já, það gleður mig mjög mikið.

Agnar: Alltaf er hugurinn hinn sami og aldrei líður svo langur tími, að ekki hugsi ég nú til þín og fjölskyldunnar og annarra mér kærra eftirlifenda á jörðinni. Margt er það, sem hugur minn grípur á góðri stund. Í svipsýn birtast mér stundum undursamlegar fjarsýnir eða skynjanir. Það er líkast því sem opnist óandanleg veröld og óumræðilega fögur og dýrðleg í alla staði. Heimurinn er óandanlegur. Óandanleg fugurð og fullkomun á hinum fullkomnari stjörnum alheimsins. Ekki er þar afturför og hnignun, heldur sífelld framför allra lifenda og náttúrunnar allrar, er lífið hefur fullkomlega tök á að magna. En nú er ekki svo allsstaðar, því miður. Á hinum ófullkomnustu hnöttum og helheimum, sem svo mætti kalla, ríkir skelfileg þjáning og böл, er sigrast verður á og allur heimur á að verða alfullkomin alsamstilt heild að lokum, allt líf óandanlega fullkomið og fagurt.

Ég hef ferðast um minn framlífshnött þveran og endilang-an ef svo mætti segja og er þar margt stórkostlegt að sjá og

undursamlegt fyrir fegurðarsakir og fullkomnunar. En ekki get ég nú hér að þessu sinni nema rétt á það drepið.

Ingvar: Sennilega eru nú bæði haf og lönd á þínum hnetti?

Agnar: Vissulega hvortveggja er hér, þurrlendi og votlendi eða haf og vötn mikil og allt iðar þetta af lífi og öll náttúran samstiltt.

Ingvar: Hefur þú farið í könnunarferðir til annarra stjarna?

Agnar: Langan veg hef ég ferðast milli hnatta og jafnvel vetrarbrauta. Er það ekki ómögulegt ef samstilling tekst og samband milli hnattanna, að fara hamförum, sem svo er kallað, hnatta á milli á skemmsra en augabragði og er þá eins og fjarlægðirnar ekki skipti þar neinu máli lengur. Líforkan er hafin yfir hraðatakmarkanir þær, er ríkja í hinni líflausu náttúru og það er vissulega óhætt að hugsa stórt og djarft um möguleika lífsins í óendanlegum alheimi og reyndar hættir mönnum til að hugsa of smátt í þeim efnum og það svo, að jafnvel ekki er mönnum samboðið.

Ingvar: Koma sum dýr hérna á jörðinni fram á þínum hnetti?

Agnar: Já, það er ekkert sem hindrar það. Dýr og jurtir, þær eiga sér framlíf fyrir höndum ekkert síður en mennirnir. Því skyldi það ekki vera. Allt líf er guðlegt í eðli.

Ingvar: Ekki hefur þú líklega orðið var við hann Faxa þinn, að hann hafi komið fram?

Agnar: Jú, blesсаður vinurinn hann Faxi minn lifir og er hann eins og áður hinn glæsilegasti ásýndum. Hvers manns hugljúfi, er honum kynnist.

Ingvar: Æ, þetta þykir mér vænt um að heyra. Þið voruð vinir.

Agnar: Já, ekki get ég nógsamlega þakkað vináttu hans og samfylgd. Því ekki er maður laus við að þrá kærleikann, hvar sem hann er að finna. Ekki síst er kærleikann að finna hjá blessuðum skepnunum.

Já, það er eins og búast má við ekki hægt að halda þessu tali áfram endalaust og verð ég að láta hér staðar numið og

þakka þér allt það góða fyrr og síðar.

Ingvar: Þakka þér innilega og bið að heilsa líka systkinum mínum.

Agnar: Það verður þegið með þökkum og endurgoldið fyrr eða síðar, sem af hinu góða er. Alltaf blessaður. Verið blessuð.

Ingvar: Vertu blessaður.

Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptóku.

Samruni vetrarbrauta



Myndin sýnir hugmynd stjörnufræðingsins Barnes, en hann álítur að sumar vetrarbrautir hafi fengið sérstaka lögun sína við það, að tvær vetrarbrautir hafi nálgast hvor aðra meir og meir, uns þær runnu saman í eina.

I. A.

Til lesenda Lífgeisla

Loks kemur hér fyrir ykkar sjónir, kæru lesendur, ágúst-hefti ársins 1992, og valda þessari seinkun ýmsar ástæður, sem ekki varð ráðið við. Biður stjórn útgáfunnar innilegrar afsökunar á þessari alltof löngu töf.

Vonum við samt að efni blaðsins sé með þeim hætti, að allir megi allvel við una.

Eitt af því sem við jafnan biðjum lesendur um er það, að þeir sendi okkur til birtingar eitt og annað efni, er þeir kunna að eiga í fórum sínum úr eigin reynslu, svo sem drauma, fjarsýnir ýmiskonar, hugleiðingar um lífið og tilveruna, ljóð og hvaðeina annað, sem fallið gæti að því málefni, sem Nýalsmenn berjast fyrir, og þá einnig það málögagn þeirra, sem Lífgeislar eru.

Ekki er bjart um að litast í heimi okkar á þessum tínum, og virðist svo vera nærrí hvert sem litið er. En þeir sem kynnt hafa sér nýalskan boðskap og skilning hans á tilverunni vita með vissu, að þessu ástandi mætti breyta ef nýalskar hugsanir næðu meiri festu og útbreiðslu í hugum fleiri manna, en enn er orðið.

Að lokum óskum við þess, að brátt fari að rofa til, og að áhrifa frá lengra komnum vinum annarra lífkjarna fari meira að gæta hér í öllum samskiptum manna og þjóða en enn hefur orðið.

Verið svo öll kært kvödd, kæru lesendur.

*Fyrir hönd Lífgeisla og Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.*

Lífgeistar

Útgefandi: SKÁKPENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
 Ritsjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Krabbabókan (sjá forsíðumynd)	bls.	118
Ómælanleiki geimsins (með mynd). I. A.	"	118
Sólstjörnur og jarðstjörnur.		
Þorsteinn Guðjónsson	"	119
Fjarlægar plánetur fundnar. Frétt í Mbl.	"	120
Enginn fæðist af móður nema einu sinni.		
Benedikt Björnsson	"	122
Cannabis: Eitur!		
Katherine Kershaw	"	129
Þjóðerni og menning. Þorsteinn Guðjónsson	"	133
Pralaya og manvantara. Þorsteinn Guðjónsson	"	136
Sýnir og fyrirboðar.		
Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka	"	138
Nýall og félagsstofnun. Gunnar Hjörvar	"	139

AUGLÝSING:

Kynning á Nýalsritum dr. Helga Pjeturss	"	134
---	---	-----

LJÓÐ:

Norðurljós. Einar Benediktsson	"	140
Hornbjarg. Jónas Hallgrímsson	"	141

DRAUMAR:

Draumlífið og samband lífsins í alheimi.		
Helgi Pjeturss	"	142
Skyndidauði? Sigurður Ingvarsson	"	144

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson		
Ritari: Gunnar Hjörvar		
Guðlaug Guðlaugsdóttir	"	145
Agnar Jónsson	"	148

MYR:

Vetrarbrautin og kúluþyrpingar hennar (mynd)	"	121
Stjörnumergð (stjörnumynd)	"	137
Samruni vetrarbrauta (geimmynd)	"	150

ÝMISLEGT:

Til lesenda Lífgeisla. I. A.	"	151
------------------------------------	---	-----